

Hestaflutningur Herberts og Reynis til Þýskalands:

Hafskip telur engin vandkvæði á að sjóbúa gámana

Ráduneytið bíður umsagnar dýralæknis

„ÉG SIT uppi með hestana hérna í Reykjavík, skipið farið og verkfallið skolið á. Ég verð að reyna að koma þeim upp í sveit,“ sagði Herbert Ólason frá Akureyri í samtali við Mbl., en hann og Reynir Adalsteinsson eru eins og kunnugt er að undirbúa stofnun reiðskóla í Þýskalandi en hafa ekki fengið að flytja hesta sína þangað með gámum vegna ákvæða í gamalli reglugerð.

Umsókn Herberts og Reynis um undanþágu til að flytja hrossin út með gámum til reynslu er enn til umfjöllunar í landbúnaðarráðuneytinu. Ráduneytið óskaði umsagnar dýralæknis sem ekki hafði borist ráðuneytinu í gærðag. Herbert sagði að ef hrossin kæmst ekki út á næstunni yrðu þeir félagar fyrir milljónatjóni og það myndi tefla stofnun reiðskóla þeirra í algera tvisýnu.

Gunnar Bjarnason, hrossaútlutningsráðunautur, skrifði ráðuneytinu bréf á sínum tíma þar sem hann mælti eindregið með því að flutningur með gámum yrði leyfður og viðskiptaráduneytið hefur samþykkt útlutninginn. Birgir Ómar Haraldsson, skipaverkfræðingur hjá Hafskip, segir í

umsögn sem hann gaf um þessa flutninga að beiðni Herberts, að hann teldi engin vandkvæði á að sjóbúa hestagámana tryggilega á þilfari ms. Skaftár en leggur ekki dóm á líðan hestanna þar. Hann telur gámaskip Hafskips hentug til flutningsins þar sem þau hafi verið sérstaklega styrkt til flutnings slíkra gáma og gámunum sé aðeins raðað í einni hæð á þilfari.

Hafskip er eina skipafélagið sem er með beinar áætlunarsiglingar héðan til Hamborgar, þaðan sem styst er til búgarðsins sem Herbert og Reynir hafa tekið á leigu. Ekki er hægt að flytja hestana í lestum skipanna þar sem þau eru alltaf með kísilgúr í lestunum. Þess má geta að hesta má flytja í lestum skipa allt árið og fór til dæmis mun smærra skip fullt af afsláttarhrossum til Belgíu fyrr í vetur á vegum Sambands íslenskra samvinnufélaga og annað sl. sumar.

Hugmyndir um frjálsan innflutning olíu til fiskiskipa:


Er andvígur slíkum hugmyndum

— segir sjávarútvegsráðherra, ætti ekki að hafna þeim að óathuguðu máli segir forsætisráðherra

„ÉG ER andvígur hugmyndum um frjálsan innflutning olíu til fiskiskipa. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég hef, eru olíuviðskiptin við Sovétríkin, ef eitthvað er, hagstæðari en þau olíuinnkaup, sem átt hafa sér stað annars staðar. Viðskiptin við Sovétríkin byggja á mjög gömlum merg og hafa átt sér stað í um 30 ár,“ sagði sjávarútvegsráðherra, Halldór Ásgrímsson, í samtali við Morgunblaðið.

„Þau byggjast upp á því, að við kaupum af þeim og þeir af okkur. 90% af því, sem við kaupum af þeim, er olía. Nú er framundan nýr fimm ára samningur við Sovétmenn, þar sem við erum almennt að biðja um að þeir kaupir meira af okkur. Við þau skilyrði er fráleitt að tala um minni olíukaup af þeim. Ég teldi það vera mjög andstætt hagsmunum sjávarútvegsins að draga úr þessum olíukaupum. Þessi olía hefur ekki verið dýrari en annars staðar og við höfum selt þeim sjávarafurðir og ég sé engin merki þess, að aðrir markaðir séu tilbúnir til að taka við þeim afurðum eins og nú standa sakir,“ sagði Halldór Ásgrímsson.

Morgunblaðið innti forsætisráðherra álit á hugmyndunum um frjálsan olíuinnflutning til fiskiskipa. Hann hafði eftirfarandi að segja um þær: „ef útgerðin getur flutt inn ódýrari olíu en olíufélögin þá ætti ekki að hafna því að óathuguðu máli“.



Sveinn Björnsson listmálari við eitt verka sinna, sem hann nefnir „Steinatóna“.

Morgunblaðið/Árni Seberg

Sveinn Björnsson listmálari á Kjarvalsstöðum

SVEINN Björnsson, listmálari, opnar á morgun málverkasýningu á Kjarvalsstöðum. Sýningin er í tilefni 60 ára afmælis listamannsins. Hún verður opnuð klukkan 16 og verður

opin alla daga frá klukkan 14 til 22. Sveinn Björnsson sýnir 54 myndir málaðar á tveimur síðustu árum í Krisuvík, þar sem lista-

maðurinn hefur hús á leigu frá Hafnarfjarðarkaupstað. Sýningin verður opin til 17. febrúar næstkomandi.

EIN BESTU BÍLAKAUPIN Í DAG!



MAZDA 323 Saloon Deluxe árgærd 1985 er ríkulega útbúinn 5 manna bíll, með nægu plássu fyrir fjölskylduna og farangurinn. Við getum nú boðið þennan veglega bíl á mjög hagstæðu verði.

Opið laugardaga frá kl. 10 - 4



mazda
BÍLABORG HF.
Smíðshöfða 23 sími 812 99